

## Tillögur um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, lagðar fyrir ársfund 23. maí 2022

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

### I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

#### Breyting á grein 16.5

##### Breytingartillaga 1 (erfð séreignar)

16.5 Deyi sjóðfélagi áður en séreignin er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélagi við andlát, sbr. reglur erfðalaga. Börn samkvæmt þessari grein teljast börn og kjörbörn sjóðfélaga í skilningi erfðalaga.

#### Rökstuðningur:

Með breytingartillögunni er lagt til að í ákvæði 16.5 varðandi erfð séreignar verði maka- og barnahugtakið skilgreint með skýrum hætti til upplýsinga fyrir sjóðfélagi. Þannig verði vísað í erfðalög, líkt og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gera. Samkvæmt erfðalögum getur aðeins maki sem gengið hefur í hjúskap með réttthafa skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993, börn og kjörbörn talist til skylduerfingja, en ekki t.d. maki í óvígðri sambúð eða fóstur- eða stjúpborn, sem þó geta átt rétt á maka- eða barnalífeyri að ákveðnum skilyrðum laga og samþykta uppfylltum.

#### Breyting á grein 16.2

##### Breytingartillaga 2 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, ~~að teknu tilliti til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum,~~ er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærisk mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélagi heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærisk árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

#### Rökstuðningur:

Með breytingartillögunni er lagt til að úr ákvæði 16.2 verði fjarlægð tilvísun þess efnis að hámarks upphæð eingreiðslu skuli taka tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum. Breytingin er í samræmi við breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og almennt vinnulag.